



Borgarráð

Reykjavík, 13. apríl 2026  
MSS26030115

### **Tillögur vegna aðalfundar Betri samgangna ohf. 2026**

Boðað hefur verið til aðalfundar Betri samgangna ohf. árið 2026, vegna starfsársins 2025, haldinn miðvikudaginn 29. apríl 2026, kl. 15:00, í fundarsal A á Iceland Parliament Hotel, Thorvaldsensstræti 2, 101 Reykjavík. Dagskrá fundarins er í samræmi við 12. gr. samþykka félagsins.

Betri samgöngur ohf. heyrir ekki undir Almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar þar sem um opinbert hlutafélag er að ræða. Meðfylgjandi eru gögn fundarins sem eru trúnaðarmál fram yfir aðalfundinn.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
Borgarstjóri

Hjálagt:

Fundaboð - Aðalfundur Betri samgangna ohf.  
Ársreikningur Betri samgangna ohf. 2025.

## Aðalfundur Betri samgangna 2026

Aðalfundur Betri samgangna ohf. árið 2026, vegna starfsársins 2025, verður haldinn miðvikudaginn 29. apríl 2026, kl. 15:00, í fundarsal A á Iceland Parliament Hotel, Thorvaldsensstræti 2, 101 Reykjavík.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi, sbr. 12. gr. samþykka félagsins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað, sbr. ákvæði hluthafasamkomulags, eða tap og framlög í varasjóð.
4. Starfskjarastefna stjórnar lögð fram til staðfestingar.
5. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kosning endurskoðanda félagsins.
8. Tillaga um breytingu á samþykktum.
9. Önnur mál löglega upp borin.

Aðalfundurinn er opinn öllum hluthöfum félagsins, ásamt öllum kjörnum fulltrúum hluthafa félagsins, þ.e. bæði þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum á höfuðborgarsvæðinu, og skulu þessir aðilar hafa rétt til að taka til máls á fundinum og bera upp fyrirspurnir. Þá skal fulltrúum fjölmiðla heimilt að sækja aðalfundinn. Óskað er eftir að þátttakendur skrái sig með því að senda tölvupóst á [betrisamgongur@betrisamgongur.is](mailto:betrisamgongur@betrisamgongur.is).

Óskað er eftir tilnefningu fjármála- og efnahagsráðherra um þrjá aðalmenn og einn varamann í stjórn félagsins, ásamt tilnefningu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um þrjá aðalmenn og einn varamann. Samkvæmt samþykktum félagsins skipar ráðherra formann stjórnar án tilnefningar úr hópi stjórnarmanna og tilkynna skal Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um fyrirhugað val á nýjum formanni félagsins með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalfund, áður en val formanns er staðfest. Með vísan til 1. mgr. 63. gr. a í hlutafélagalögum er óskað eftir að tilnefningar í stjórn berist félaginu í síðasta lagi fimm dögum fyrir aðalfund.

Gögn vegna fundarins, ársreikningur auk tillagna stjórnar um starfskjarastefnu félagsins verður lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, tveimur vikum fyrir aðalfund.

Reykjavík, 9. apríl 2026.

Stjórn Betri samgangna ohf.

Bestu kveðjur,

**Þorsteinn R. Hermannsson**

Framkvæmdastjóri

+354 899 3977



**BETRI SAMGÖNGUR**

Betri samgöngur ohf.

Ársreikningur 2025



**BETRI  
SAMGÖNGUR**

Betri samgöngur ohf.  
Hafnarstræti 7  
101 Reykjavík

Kt. 671020-0300

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun Ríkisendurskoðunar .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9
Yfirlit yfir framlög og fjárfestingar samkvæmt Samgöngusáttmálanum .....	12

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er að undirbúa og hrinda í framkvæmd uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. á innviðum almenningssamgangna, í samstarfi við Vegagerðina og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við samkomulag ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 26. september 2019 sem uppfært var 21. ágúst 2024.

Samkomulagið gengur undir heitinu Samgöngusáttmáli. Félagið hefur yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppbyggingar samgangna og fjármögnun þeirra. Framlög frá hluthöfum innan hvers árs skulu greidd til félagsins í samræmi við áætlun sem stjórn leggur fram og samþykkir, enda sé það í samræmi við samþykktir fjárlaga og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.

Með uppfærslu Samgöngusáttmálans 21. ágúst 2024 var félaginu falið veigameira hlutverk. Haustið 2024 tóku Betri samgöngur við framkvæmd Borgarlínunnar og göngu- og hjólastíga af Vegagerðinni. Eftir tilfærslu þessara lykilverkefna var starfsmönnum félagsins fjölgað um sjö en þar af voru tveir starfsmenn sem áður störfuðu að verkefnum hjá Vegagerðinni.

Þegar framkvæmdum vegna einstakra verkefna er lokið eru samgöngumannvirki afhent ríki eða því sveitarfélagi sem ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi þeirra í samræmi við ákvæði gildandi laga hverju sinni og samkomulag milli aðila samkvæmt Samgöngusáttmála. Hagnaði, ef einhver er, skal einungis varið í samræmi við markmið Samgöngusáttmálans. Félaginu er ekki ætlað að skila arði og er hluthöfum óheimilt að taka arð út úr félaginu.

Allur kostnaður sem féll til á árinu 2025 vegna framkvæmda er eignfærður nema tap dótturfélags sem er fært á eigið fé. Stjórn vísar í ársreikning um breytingar á eigin fé og ráðstöfun afkomu.

Eigið fé félagsins í árslok nam 14.987 millj. kr. (2024: 15.004 millj. kr.) að meðtöldu hlutfé félagsins að fjárhæð 15.004 millj. kr.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var tíu (2024 fjórir).

Hluthafar í árslok voru sjö líkt og í ársbyrjun. Í árslok 2025 var hlutfé í eigu eftirtalinna aðila:


	Eignarhluti
Ríkissjóður Íslands .....	99,9933%
Reykjavíkurborg .....	0,0038%
Kópavogsbær .....	0,0011%
Hafnafjarðarkaupstaður .....	0,0009%
Garðabær .....	0,0005%
Mosfellsbær .....	0,0003%
Seltjarnarnesbær .....	0,0001%

Stjórn og framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2025 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 26. mars 2026.

Stjórn:  
Eyjólfur Árni Rafnsson  
Ólöf Örvarsdóttir  
Ásthildur Helgadóttir  
Páll Björgvin Guðmundsson  
Árni Freyr Stefánsson  
Katrín Oddsdóttir

Framkvæmdastjóri:  
Þorsteinn R. Hermannsson



# Áritun Ríkisendurskoðunar

## Til stjórnar og hluthafa í Betri samgöngum ohf.

### Álit

Ársreikningur Betri samgangna ohf. fyrir árið 2025 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Betri samgangna ohf. 31. desember 2025, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Betri samgöngum ohf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

### Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Betri samgangna ohf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þeir ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá reglum innra eftirlits.

# Áritun Ríkisendurskoðunar

---

## Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins (framhald)

- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggji viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 26. mars 2026

Guðmundur Björgvin Helgason,  
ríkisendurskoðandi

## Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	10	276.243.117	123.036.119
Annar umsýslu- og framkvæmdakostnaður .....	11	119.681.056	206.269.650
Afskriftir .....	12	5.934.475	0
		401.858.648	329.305.769
Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	(	401.858.648)	( 329.305.769)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		291.782.771	216.293.179
Vaxtagjöld .....	(	179.841.777)	( 4.223)
Gengismunur .....		633.952	0
		112.574.946	216.288.956
Áhrif dótturfélaga .....	13	( 15.313.277)	0
		( 15.313.277)	0
Samtals rekstrargjöld að teknu tilliti til fjármagnsliða .....	(	304.596.979)	( 113.016.813)
Eignfærður kostnaður .....	6	289.283.702	113.016.813
Rekstrarniðurstaða ársins .....	(	15.313.277)	0

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Eignir</b>			
Land .....	12	15.354.331.629	15.284.688.185
Innréttingar og tæki .....	12	39.558.399	0
Eignarhlutir í dótturfélögum .....	13	2.571.686.723	0
Fastafjármunir		<u>17.965.576.751</u>	<u>15.284.688.185</u>
Samgöngumannvirki á framkvæmdastigi .....	14	16.082.877.135	10.548.731.822
Ógreidd framlög vegna Samgöngusáttmála .....		323.912.766	271.688.483
Aðrar skammtímakröfur .....		186.947.733	47.549.895
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	7	38.425.474	38.425.474
Verðbréfaeign .....	8	1.052.542.179	0
Handbært fé .....	9	3.829.633.844	2.152.276.869
Veltufjármunir		<u>21.514.339.131</u>	<u>13.058.672.543</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>39.479.915.882</u>	<u>28.343.360.728</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	15	15.004.000.000	15.004.000.000
Ójafnað eigið fé .....		( 15.313.277)	0
Eigið fé	16	<u>14.988.686.723</u>	<u>15.004.000.000</u>
<b>Skuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	17	2.766.718.465	0
Skuldir við aðila Samgöngusáttmálans .....	18	20.858.104.803	13.116.825.593
Viðskiptaskuldir .....		477.148.773	212.398.948
Aðrar skammtímaskuldir .....		389.257.118	10.136.187
		<u>24.491.229.159</u>	<u>13.339.360.728</u>
Skuldir samtals		<u>24.491.229.159</u>	<u>13.339.360.728</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>39.479.915.882</u>	<u>28.343.360.728</u>

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tap ársins .....	(	15.313.277)	0
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	12	5.934.475	0
Matsbreyting markaðsverðbréfa .....	8 (	52.542.179)	0
Áfallnar verðbætur langtímalána .....		141.718.465	0
Áhrif dótturfélaga .....	13	15.313.277	0
Veltufé frá rekstri		95.110.761	0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....	(	139.397.838)	24.829.739
Skammtímaskuldir, hækkun .....		643.870.756	200.704.456
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		504.472.918	225.534.195
Handbært fé frá rekstri		599.583.679	225.534.195
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Samgöngumannvirki á framkvæmdastigi, hækkun .....	14 (	6.620.787.975)	( 6.211.109.913)
Eignfærður þróunarkostnaður Keldnals .....	12 (	69.643.444)	( 125.206.961)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	12 (	45.492.874)	363.969.023
Fjárfesting í eignarhlut í dótturfélagi .....	13 (	2.587.000.000)	0
Verðbréf fjárfesting .....	8 (	1.000.000.000)	0
Fjárfestingahreyfingar		( 10.322.924.293)	( 5.972.347.851)
<b>Fjármögnunahreyfingar</b>			
Tekin ný langtímalán .....		2.625.000.000	0
Kröfur á tengda aðila, breyting .....	(	52.224.283)	792.950.581
Greiðslur frá aðilum Samgöngusáttmálans .....		8.827.921.872	4.039.011.628
Fjármögnunahreyfingar		11.400.697.589	4.831.962.209
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		1.677.356.975	( 914.851.447)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		2.152.276.869	3.067.128.316
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		3.829.633.844	2.152.276.869
<b>Fjárfestingar- og fjármögnunahreyfingar án greiðsluáhrifa:</b>			
Afhent samgöngumannvirki .....		1.086.642.662	1.135.852.169
Skuldir við tengda aðila vegna verkefna Samgöngusáttmálans .....	(	1.086.642.662)	( 1.135.852.169)

# Skýringar

## 1. Félagið

Betri samgöngur ohf. („Félagið“) er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 81/2020 um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu. Lögheimili þess að Hafnarstræti 7 í Reykjavík.

## Reikningsskilaaðferðir

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunur félagsins eru tvær landspildur að Keldum og Keldnaholti í Reykjavík. Lóðir og land eru ekki afskrifaðar í ársreikningi. Innréttingar og tæki voru keypt á árinu vegna nýrrar skrifstofuaðstöðu félagsins og afskrifast árlega um 15-25%.

Vélar, áhöld og tæki ..... 4 - 6 ár

## 5. Eignarhlutir í dótturfélögum

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið getur, beint eða óbeint, stjórnað fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild félagsins í hagnaði eða tapi dótturfélaga frá upphafi yfirráða til loka þeirra. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð dótturfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir dótturfélagið eða fjármagnað það. Ef hagnaður verður af rekstri dótturfélags á síðari tímabilum, er ekki færð hlutdeild í þeim hagnaði fyrr en hlutdeild í tapi þess sem ekki var færð, hefur verið jöfnuð.

## 6. Framkvæmdakostnaður

Megin tilgangur félagsins er að annast uppbyggingu samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við Samgöngusáttmálann og ráðstafa þeim til eigenda. Félagið hefur ekki tekjur af starfsemi sinni og telst því allur kostnaður vegna umsýslu þess og yfirstjórn til framkvæmdakostnaðar.

Í árslok 2025 er allur kostnaður vegna stofnunar og starfsemi félagsins á árinu færður til eignar í efnahagsreikningi en kostnaðinum verður síðar deilt út á einstaka mannvirki samkvæmt reiknilíkani.

## 7. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður samanstendur af eftirfarandi:	2025	2024
Flyti- og umferðagjöld eignfærður kostnaður .....	38.425.474	38.425.474
Samtals fyrirframgreiddur kostnaður .....	38.425.474	38.425.474

Samkvæmt Samgöngusáttmálanum er félaginu ætlað að annast innheimtu flyti- og umferðargjalda á höfuðborgarsvæðinu, verði ákveðið með lögum að leggja slík gjöld á. Kostnaðurinn sem til hefur fallið er einkum aðkeypt þjónusta innlendra og erlendra ráðgjafa og launakostnaður við mótun tillagna um gjöldin.

# Skýringar

## 8. Verðbréfaeign

Félagið hefur fjárfest í verðbréfum, sem ekki er hægt að flokka sem handbært fé, til skammtímaávöxtunar og eru þau færð sem sérstakur liður, verðbréfaeign, meðal veltufjármuna. Verðbréfaeign er færð á gangvirði skv. uppgefnu verði miðlara.

## 9. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

## 10. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2025	2024
Laun .....	221.419.600	99.574.525
Samgöngustyrkur .....	4.485.000	2.136.957
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	29.905.689	13.083.768
Önnur launatengd gjöld .....	20.432.828	8.240.869
Eignfærð laun og launatengd gjöld .....	( 276.243.117 )	( 123.036.119 )
Laun og launatengd gjöld samtals .....	0	0
Ársverk .....	10	4

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra á árinu nam 57 millj. kr. (2024: 54,1 millj. kr.)

## 11. Annar umsýslu- og framkvæmdakostnaður

Annar umsýslu- og framkvæmdakostnaður í rekstrarreikningi greinist þannig:	2025	2024
Aðkeypt þjónusta .....	68.367.376	158.717.846
Húsnæðiskostnaður .....	30.256.391	4.423.647
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	21.057.289	43.128.157
Eignfærð umsýslu- og framkvæmdakostnaður .....	( 119.681.056 )	( 206.269.650 )
Annar umsýslu- og framkvæmdakostnaður samtals .....	0	0

## 12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:	Land	Innréttingar og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2024.....	15.159.481.224	0	15.159.481.224
Eignfærður kostnaður.....	125.206.961	0	125.206.961
Heildarverð 31.12.2024.....	15.284.688.185	0	15.284.688.185
Eignfærður kostnaður/kaup á árinu.....	69.643.444	45.492.874	115.136.318
Heildarverð 31.12.2025.....	15.354.331.629	45.492.874	15.399.824.503
Fyrningar ársins.....	0	( 5.934.475 )	( 5.934.475 )
Bókfært verð 31.12.2025.....	15.354.331.629	39.558.399	15.393.890.028
Afskriftahlutföll	0%	15-25%	

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins eru tvær landspildur að Keldum og Keldnaholti í Reykjavík. Lóðir og land eru ekki afskrifaðar í ársreikningi. Innréttingar og tæki voru keypt á árinu vegna nýrrar skrifstofuaðstöðu félagsins og afskrifast árlega um 15-25%.

# Skýringar

## Fasteignamat og vátryggingarverðmæti

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti greinist þannig:

	Fasteigna- mat	Vátryggingar- verðmæti
Land .....	796.100.000	0
Innréttingar og tæki .....	0	44.774.253
Samtals .....	<u>796.100.000</u>	<u>44.774.253</u>

## 13. Eignarhlutir í dótturfélögum

Félagið keypti á árinu 100% eignarhlut í Skektunni ehf., Skektuvogi 1, 104 Reykjavík og er eignarhluturinn metinn samkvæmt hlutdeildaraðferð. Undanþágu 68. gr. laga um ársreikninga er beitt þar sem samstæðan í heild fer ekki fram úr stærðarmörkum lítillar samstæðu og er því ekki gerður samstæðureikningur.

## 14. Samgöngumannvirki á framkvæmdastigi

Verk í vinnslu og þróunarkostnaður félagsins greinast þannig í árslok:

	2025	2024
Undirbúnings- og stofnkostnaður .....	111.228.999	( 138.494.184)
Framkvæmdir vegna Borgarlínu .....	6.586.291.166	4.912.504.751
Framkvæmdir vegna hjóla- og göngustíga .....	529.336.190	248.633.832
Framkvæmdir í vinnslu hjá Vegagerðinni, stofnvegir og annað .....	8.856.020.780	5.526.087.423
	<u>16.082.877.135</u>	<u>10.548.731.822</u>
Samgöngumannvirki á framkvæmdastigi 1.1. ....	10.548.731.822	5.473.474.078
Framkvæmdir á árinu .....	6.620.787.975	6.211.109.913
Afhent á árinu .....	( 1.086.642.662)	( 1.135.852.169)
Samgöngumannvirki á framkvæmdastigi 31.12. ....	<u>16.082.877.135</u>	<u>10.548.731.822</u>

## 15. Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 15.004 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut. Allt hlutfé félagsins er að fullu greitt.

## 16. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2025.....	15.004.000.000	0	15.004.000.000
Afkoma .....	0	( 15.313.277)	( 15.313.277)
Eigið fé 31.12.2025 .....	<u>15.004.000.000</u>	<u>( 15.313.277)</u>	<u>14.988.686.723</u>

## 17. Skuldir við lánastofnanir

Félagið tók á árinu lán hjá Endurlánum ríkisjóðs að fjárhæð 2,6 makr. vegna kaupa á Skektunni ehf. Skektan á lóð að Skektuvogi 1 í Reykjavík og mun lóðin verða notuð undir hjáleik við framkvæmdir við Sæbrautarstokk á árunum 2027-2030. Lánið ber fasta verðtryggða 4,09% ársvexti sem leggjast árlega við höfðustól og kemur til greiðslu í lok árs 2030. Lántökukostnaði er dreift á líftíma lánsins og eru eftirstöðvar 33,9 millj. kr. í lok árs. Lánið er tryggt með veði í eignum Skektunnar.

## 18. Skuldir við aðila Samgöngusáttmálans

	2025	2024
Ríkissjóður .....	15.059.422.609	8.929.315.782
Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu .....	5.798.682.194	4.187.509.811
	<u>20.858.104.803</u>	<u>13.116.825.593</u>

## Yfirlit yfir framlög og fjárfestingar samkvæmt Samgöngusáttmálanum

### Yfirlit yfir framlög og fjárfestingar samkvæmt Samgöngusáttmálanum

Framlög frá hluthöfum innan hvers árs skulu greidd til félagsins í samræmi við áætlun sem sjóm leggur fram og samþykkir, enda sé það í samræmi við samþykktir fjárlaga og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.

Framlög til verkefna Samgöngusáttmálans greinast þannig:

	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Samtals
<b>Framlög</b>								
Ríkissjóður .....	2.400.000.000	3.079.883.721	2.488.953.488	2.294.767.442	3.414.765.116	2.692.674.419	6.856.638.347	23.227.682.533
Sveitarfélög .....	1.000.000.000	1.039.941.860	1.094.476.744	1.147.383.721	1.206.395.349	1.346.337.209	1.971.283.525	8.805.818.408
	3.400.000.000	4.119.825.581	3.583.430.232	3.442.151.163	4.621.160.465	4.039.011.628	8.827.921.872	32.033.500.941
<b>Framkvæmdir</b>								
Stofnvegir .....	858.007.384	3.417.092.691	312.341.734	763.135.642	1.104.238.155	3.578.745.159	3.682.767.719	13.716.328.484
Borgarlína .....	86.430.000	464.565.848	494.260.886	1.451.244.464	1.259.393.957	1.156.309.596	1.674.086.415	6.586.291.166
Hjólástígar og göngustígar .....	0	392.669.298	596.486.283	699.453.639	589.686.303	782.742.063	529.336.190	3.590.373.776
Undirgöng, önyggi og flæði .....	461.334.802	287.775.443	572.193.079	224.171.025	502.201.759	708.039.166	334.786.889	3.090.502.163
Greiðslur samtals .....	1.405.772.186	4.562.103.280	1.975.281.982	3.138.004.770	3.455.520.174	6.225.835.984	6.220.977.213	26.983.495.589
Samgöngumannvirki tekin í notkun frá upphafi sáttmálans .....								11.175.396.138
Verk í vinnslu í lok tímabils .....								16.082.877.135
Framlögum óráðstafað í lok tímabils .....								4.775.227.668

Árleg framlög samkvæmt Samgöngusáttmálanum taka breytingum með sama hætti og sambærileg verkefni eru færð til nýs verðlags í samgönguáætlun.

Þúð að gera skuldbindingu samninga verkefna Samgöngusáttmálans í árslok 2025 og ekki eru komin til fullra framkvæmda fyrir um 31.714 millj.kr. eftirstöðvar þeirra nema um 11.912 millj. kr. í árslok 2025.